

Bikstöð Hlaðbær Colas
Sigurður Benediktsson
Gullhelli 1
221 Hafnafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. október 2010
Tilvísun: UST20101000047/gf

Varðar greiningu á fráveituvatni í Bikstöð Hlaðbæjar-Colas í Hafnarfirði

Umhverfisstofnun barst tölvupóstur þann 7. október sl með niðurstöður greiningar á olíuleifum í frárennsli olíuskiljunnar í stöð félagsins við Óseyrarbraut í Hafnarfirði.

Greiningin var gerð hjá Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði. Sýnið var úrhlotuð með hexani og lausn af brómóbenzeni var notuð sem innri staðall. Bæði sýnið og staðlar voru síuð í gegnum pappírfilter fyrir úrhlutun. Sýni og staðlar voru greind í gasgreini (Agilent 6890, súla DB-1, 15 m) með logaskynjara og sýni og staðlar borin saman. Greiningarmörk aðferðinnar er á bilinu 0,5 ppm til 2,0 ppm eftir olíum og er óvissa a.m.k. 25%.

Niðurstöður greiningarinnar eru að ekki greinist olíuefni í sýninu yfir greiningarmörkum aðferðarinnar (sjá meðfylgjandi gögn). Skiljan stóðst því kröfur í starfsleyfi.

Athugasemdir og/eða leiðréttingar óskast sendar til Umhverfisstofnunar fyrir 1. nóvember nk.

Virðingarfyllt

Gottskálf Friðgeirsson

Kristján Geirsson
deildarstjóri

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis



Reykjavík, 4.10.2010.

Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas
Gullhella 1
Pósthólf 271
221 Hafnarfjörður

Rannsókn á olíumengun í vatnssýni (sjá hjálagt ljósrit af beiðni).

Eitt vatnssýni í glerkrukku, barst til rannsóknar 1. 10. 2010. Óskað var eftir greiningu á olíuefnum í sýninu (skv. símtali við Guðjón)

Sýnið (0.5 l) var úrhlutað þann 1. 10. með hexani p.a. (Merck, Þýskalandi) og var lausn af brómóbensení notuð sem innri staðall. Staðlar voru útbúnir með því að blanda olíuefnum í afjonað vatn og meðhöndla á sama hátt og sýnin. 1 µl af pentan fasanum var síðan greindur í gasgreini (Agilent 6890, súla DB-1, 15 m) með lögá-skynjara og sýnin og staðlar borin saman.

Engin olíuefni greindust í sýninu. Greiningarmörk aðferðarinnar eru við u.þ.b. 0.5 ppm fyrir léttari olíuefni eins og bensín og díselolíu, en um 2 ppm fyrir þyngri olíu eins og smurolíu.

F. h. Rannsóknastofu í fylja- og eiturefnafræði.


Kristin Ólafsdóttir, deildarstjóri

11. 10. 2010



UMHVERFISSTOFNUN
Mengunarvamaeftirlit

